

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. júlí 1975

um að takmarka markaðssetningu á vallarsveifgrasfræi (*Poa pratensis L.*) við fræ sem er opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“

(75/502/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins frá 14. júní 1966 <sup>(1)</sup> um markaðssetningu fóðurjurtafræja, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins frá 11. desember 1973 <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í framangreindri tilskipun er veitt leyfi fyrir markaðssetningu á stofnfræi, vottuðu fræi og sölufræi vallarsveifgrass (*Poa pratensis L.*).

Í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er framkvæmdastjórninni veitt heimild til að banna markaðssetningu á fóðurjurtafræi nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

Aðildarríkin framleiða nú nógu mikið af stofnfræi og vottuðu fræi til að fullnægja þörf bandalagsins fyrir vallarsveifgrasfræ.

Því er ekki lengur rétt að leyfa markaðssetningu á vallarsveifgrasfræi þegar birgðir, sem safnast hafa vegna núverandi framleiðsluáðstæðna, eru þrotnar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin kveða á um að frá og með 1. júlí 1976 sé ekki lengur heimilt að markaðssetja vallarsveifgrasfræ (*Poa pratensis L.*) nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1976. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1975.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

P. J. LARDINOIS  
framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 356, 27. 12. 1973, bls. 79.